

bréf þessi látin gilda allt að þremur árum, en þó aldrei lengur en vegabréfshafi gegnir starfi því, er heimildin til að fá diplomatsk vegabréf samkv. 1. gr. fylgir. 48
14. sept.

6. gr.

Nú hefur vegabréf verið gefið út til ákveðinnar ferðar og þeirri ferð er lokið og skal þá vegabréfshafi afhenda utanríkisráðuneytinu eða næsta sendiráði vegabréf sitt.

Sama gildir, er maður hefur fengið vegabréf vegna ákveðins starfs og hann hættir að gegna því starfi.

Kona vegabréfshafa og börn hans, sem hafa fengið vegabréf samkvæmt 4. gr., skulu á sama hátt afhenda utanríkisráðuneytinu eða næsta sendiráði vegabréf sín samtímis því, sem vegabréfshafi samkvæmt því, er að framan segir, afhendir vegabréf sitt til baka.

7. gr.

Sendiráðum heimilast að framlengja gildi vegabréfa fyrir starfsmenn utanríkisráðuneytisins, þá, sem nefndir eru í 4. gr. 7. tölulið, sem og vegabréf fyrir konur þeirra og börn, sbr. 11. tölulið sömu greinar.

Vegabréf þess skal þá eigi framlengja fyrir lengri tíma en svo, að vegabréfshafa gefist tími til að afla sér nýs vegabréfs frá utanríkisráðuneytinu, og aldrei lengur en til eins árs í senn.

8. gr.

Fyrir útgáfu eða framlengingu diplomatsks vegabréfs skal ekkert gjald greiða.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 31 27. júní 1941 og öðlast þegar gildi

Utanríkisráðuneytið, hinn 14. september 1944.

Vilhjálmur Þór.

FORSETAÚRSKURÐUR

um breytingu á ríkisstjóraúrskurði 16. des 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl. 49
21. sept.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég samkvæmt tillögu forsætisráðherra set eftirfarandi ákvæði:

Málefni þau, er með ríkisstjóraúrskurði 16. desember 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. desember 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., voru falin dóms- og menntamálaráðherra dr. juris Einari Arnórssyni, eru hér með falin forsætisráðherra dr. juris Birni Þórðarsyni.

Gjört í Reykjavík, 21. september 1944.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Björn Þórðarson.